

Geðhjálp — ný félagasamtök

Framhaldsstofnfundur nýrra félagssamtaka til styrktar þeim sem eiga við geðræn eða sálræn vandamál að stríða var haldinn í október s.l. Hlaut félagið nafnið Geðhjálp, samtök sjúklinga, aðstandenda og velunnara. Stofnfélagar eru 100 en formaður félagsins er Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Dagskrá félagsins fram að áramótum verður sem hér segir. Opíð hús í salarkynnum

Kleppsspítalans kl. 20.30, mánudaginn 19. nóvember, föstudaginn 30. nóvember og mánudaginn 10. desember. Fyrirlesari 19. nóvember verður Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi og 30. nóvember dr. Tómas Helgason yfirlæknir.



http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117647&pageId=1519693&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp